

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. janúar 2022

EFNI: UMSÖGN VIÐ ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGU UM AÐGERÐIR GEGN KYNFERÐISBROTUM OG AUKINN STUÐNING VIÐ ÞOLENDUR.

UMFÍ tekur heilshugar undir frumvarp um aðgerðir gegn kynferðisbrotum og auknum stuðningi við þolendur þeirra. Komist tillagan og tilheyrandi aðgerðaráætlanir í framkvæmd verða stigin þung en ákveðin og löngu tímabær skref í því að styðja betur við þolendur kynferðisbrota.

UMFÍ styður aðgerðaráætlunina en leggur áherslu á mikilvægi forvarna og forvirkra aðgerða, fræðslu í stað hræðslu og harkalegra róttækra aðgerða. Í greinargerð með frumvarpinu segir að nýjasta bylgja #metoo sem reið yfir á haustmánuðum hafi sýnt að stjórnvöld eigi mikið verk fyrir höndum þegar kemur að því að uppræta það þjóðfélagsmeini sem kynferðisbrot eru. Nauðsynlegt sé því að grípa til róttækra aðgerða til að bregðast við vandamálinu.

Hér er gott að staldra við og íhuga hvort vænlegra er að hræða fremur en fræða – til viðbótar við betri stuðning við þolendur kynferðisbrota. Þótt vissulega sé mikilvægt að bregðast við hræðilegum afleiðingu kynferðisbrota þá er ekki síður mikilvægt að grípa til forvirkra aðgerða, forvarna sem geta ef vel gengur komið í veg fyrir brotin. Það væri flestum fyrir bestu.

Mikilvægt er að fræða fólk frá unga aldri um tilhlýðilega hegðun, rétta hegðun og gæsku gagnvart öðrum í stað þess að gera Grýlur úr fólki. Vænlegra er til árangurs að benda á það sem gott er og styðja við það fremur en að einblína á mannvonsku og það sem miður hefur farið. Þetta er hægt að gera með markvissum aðgerðum, fyrirlestrum í skólum og íþróttahúsum, skýrum skilaboðum í formi plakata í íþróttahúsum og á fleiri stöðum þar sem ungir iðkendur venja komu sína, í skólastofum, í leikfimisal og víðar þar sem jákvæð og uppbyggileg skilaboð berast auðveldlega og mögulegt er að koma þeim á framfæri.

M.ö.o. tryggja þarf framgang samþættra forvarna á meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, eins og samþykkt var á Alþingi 3. júní 2020. Þetta þarf að gera samhliða því að treysta stöðirnar og auka verulega stuðning við þolendur kynferðisbrota.

Æskulýðsvettvangur og Samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs

Íþróttahreyfingin og UMFÍ hafa nokkrar leiðir til að vinna gegn ofbeldi og styðja við þolendur kynferðisbrota. Það er m.a. hægt að gera innan Æskulýðsvettvangsins, sem er samstarfsvettvangur UMFÍ, Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Æskulýðsvettvangurinn hefur verið starfræktur í meira en áratug og hefur Sema Erla Serdar, verkefnastýra Æskulýðsvettvangsins, verið afar virkur málsvari hans og flutt fjölda fyrirlestra í skólum landsins.

Æskulýðsvettvangurinn stendur fyrir fjölda námskeiða um það mál sem snertir frumvarpið, m.a:

- a) Verndum þau fjallar um það hvernig á að bregðast við grun um ofbeldi eða vanrækslu gegn börnum og ungmennum.
- b) Netnámskeiði í barnavernd er ætlað að auka þekkingu starfsfólks og sjálfboðaliða í íþróttá- og æskulýðsfélögum um m.a. einelti, ofbeldi og áreitni sem börn og ungmenni geta orðið fyrir.

Æskulýðsvettvangurinn vinnur gegn einelti, kynferðisofbeldi og öðru ofbeldi og/eða óæskilegri hegðun gagnvart börnum og ungmennum. Með fræðslu og forvörnum auk annarra verkefna er stuðlað að vitundarvakningu í samfélaginu og auknu öryggi barna og ungmenna í íþróttá- og æskulýðsstarfi.

Fjöldi mála af ýmsum toga koma inn á borð Æskulýðsvettvangsins og eru ætíð sett í faglegt ferli þar sem hlúð er að öllum hlutaðeigandi, ekki síður þolendum en gerendum og umhverfi beggja. Á síðasta ári voru 20 mál í ráðgjöf og stuðningi en 10 mál í ferli. Þar á meðal geta verið kynferðisbrotamál sem koma frá íþróttafélögum eða öðrum félögum sem aðild eiga að Æskulýðsvettvanginum.

Embætti samskiptaráðgjafa í íþróttá- og æskulýðsstarfi tók til starfa fyrir fáeinum árum. Árið 2020 bárust embættinu 24 mál og lauk helmingi þeirra á árinu. Þetta geta

verið eineltismál, mál tengt líkamlegu ofbeldi og kynferðisleg áreitni eða ofbeldi. Málin öll sem embættinu bárust komu úr íþróttahreyfingunni og voru þau sett í hendur fagaðila.

Við getum öll verið sammála um að í báðum tilvikum eru þetta alltof mörg mál sem berast á borð Æskulýðsvettvangsins og Samskiptaráðgjafa. En því miður má þrátt fyrir það gera ráð fyrir, að þau séu eins og ísjaki á hafi. Fleiri óþekkt mál kunna að hvíla undir yfirborðinu með öllum þeim sársauka sem því fylgir.

Ljóst er af framansögðu að alltaf er hægt að gera betur, svo sem með betri stuðningi við frjáls félagasamtök sem bæði sinna forvörnum og forvirkum aðgerðum auk þeirra félagasamtaka sem veita þolendum kynferðisbrota stuðning og þjónustu. Ótvírætt er mikilvægt að bæta verulega stuðning við afleiðingar kynferðisbrota og styðja betur en áður við þau úrræði sem fyrir eru. En það sem miklu skiptir á sama tíma er að bæta stuðning við forvarnir, þ.e. upplýsa börn, ungmenni og fullorðið fólk, á sem einfaldastan og skýrastan hátt og á öllum heimsins tungumálum hvað er æskileg hegðun. Fræðslan mun án nokkurs vafa leiða til betri hegðunar, fækkunar brota og betra samfélags.

Að lokum er rétt að benda á heimasíður bæði Æskulýðsvettvangsins og samskiptaráðgjafa í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Þar er nánari upplýsingar að finna um starfsemi þeirra.

Æskulýðsvettvangurinn: www.aev.is

Samskiptaráðgjafi: www.samskiptaradgjafi.is

Saman erum við öll betri

Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ, er landssamband ungmennafélaga. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 26 talsins sem skiptast í 21 íþróttahérað og 5 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 450 félög innan UMFÍ. Stór meirihluti félagsmanna eru börn og ungmenni og því lykilatriði að tryggja öryggi þeirra.

Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað.



Með ungmennafélagskveðju,
f.h. Ungmennafélags Íslands

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
kynningarfulltrúi UMFÍ

t-póstur: jon@umfi.is

sími: 568 29 29